

## Áskorun til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hrunamannahreppur 28.10.2020

### Upphaf málss.

Á þingmálaskrá er frumvarp til laga þess efnis að stofna þjóðgarð á miðhálendinu sem nær yfir 40.000 ferkílómetrar. Útilokað er að reka þjóðgarð af þessari stærð nema með fjármagni frá skattgreiðendum. Þeim sem eiga lönd að svæðinu og ýmis ferðafélög finnst einum of bratt farið. Fólkini í sveitunum líður ekki vel með þessar áætlanir.

Skyrsla var gerð á vegum Umhverfis og auðlindaráðuneytisins sem nefnist: " Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands." Gerð 7. nóvember 2017. Þetta eru rétt tæpar hundrað síður af einhverjum sannleika en því miður mikið af skoðunum og fullyrðingum sem eru á gráu svæði. Það vantar rannsóknir til að styðja skýrsluna. Þeir sem þekkja til, sjá þetta strax.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74>

### Stjórnarsáttmáli.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var það krafa að hálandisþjóðgarður væri á stefnu ríkisstjórnarinnar.

### Kynningaraðferðir um hálandisþjóðgarð.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði í apríl 2018 þverpólítiska nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu (Hálandisþjóðgarð). Nefndinni var ætlað að koma með tillögur að útfærslu þjóðgarðsins. Nefndi skilaði svo skýrslu um þjóðgarð til ráðherra 3. desember 2019. Í kjölfarið boðaði ráðherra svo til opinna kynninga um málið á völdum stöðum á landinu. Þess ber að geta að einungis átti að halda einn fund fyrir alla íbúa Árnes-og Rangárvallasýslu. Átti sá fundur að vera á Hvolsvelli. Var það eingöngu vegna háværra mótmæla íbúa og formlegs erindis Framsóknarfélags Árnessýslu til ráðuneytisins, að ráðherra sá sig nauðbeygðan til að boða til fundar í Aratungu. Á báðum fundum var húsfyllir um 250 manns á hvorum stað og ljóst að margir hefðu þurft frá að hverfa ef einungis hefði verið einn fundur. Eftir íbúafundinn fundaði ráðherra svo með fulltrúum sveitarstjórnna í uppsveitum, í Skálholti og Aratungu. Á þeim fundum var aðalkrafa sveitarfélaganna að skipulags-og stjórnsýsluvald þeirra yrði ekki skert. Ekkert gerðist svo í málinu frá mars til júní. Í júní boðaði ráðherra til fundar á Flúðum þar sem enn var rætt um skipulags-og stjórnsýslu mál. Þar talaði ráðherra á þeim nótum að stjórnar-og verndaráætlunar yrðu ekki bindandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Ekkert gerðist frekar í málinu fyrr enn í ágúst að tveir starfsmenn ráðuneytisins áttu símafund með oddvitum. Þar var rætt um hugsanlegar staðsetningar þjóðgarðsgáttu og umdæmisráð. Ekkert heyrðist frekar í ráðherra um málið fyrr en fréttir bárust af því að hann hefði lagt málið fyrir ríkisstjórnarflokkana. Þess ber að geta að fulltrúar sveitarfélaganna hafa aldrei fengið gögn í tengslum við fundina. Hvorki fyrir fundi né fundargerðir eða minnisblöð eftir fundi til að leggja fyrir sínar sveitarstjórnir. Til kynningar eða samþykktar, þó hefur ítrekað kallað eftir slíkum gögnum að sögn kjörinna fulltrúa.

Sveitarstjórn Ásahrepps varð fyrir áfalli þar sem hún tapaði yfirráðarétti yfir Vonarskarði sem er þeirra landssvæði í Vatnajökulsþjóðgarði. Þetta má sjá á fundargerð vestursvæðis 14. okt. 2020.

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/18/rikid\\_radskast\\_i\\_fullkominni\\_andstodu/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/18/rikid_radskast_i_fullkominni_andstodu/)  
<https://www.ruv.is/frett/verdur-ad-hlusta-a-gagnryni-sveitarstjornarfolks> <https://www.dv.is/eyjan/2020/01/17/hitamalid-halendisthjodgardur-gaeti-ordid-rikisstjorninni-mjog-erfitt/> <https://www.visir.is/g/2019327741d> <https://www.ruv.is/frett/motmaela-thjodgardi-a-midhalendinu>

[https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/Fundarg-svV/88.-fundargerd-vestursvaedis-14.10.20203.pdf?fbclid=IwAR2\\_ucyRH0WUHKHE-1zxAcwTwHTVzOE6ZxZ7NAzkWb2hN5nLB7PSMMq0h\\_E](https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/Fundarg-svV/88.-fundargerd-vestursvaedis-14.10.20203.pdf?fbclid=IwAR2_ucyRH0WUHKHE-1zxAcwTwHTVzOE6ZxZ7NAzkWb2hN5nLB7PSMMq0h_E)

### **Um hvað snýst málið í raun.**

Þetta mál snýst um landvinninga og yfirráðasvæði.

### **Ferðaþjónustan.**

Fram kemur að ferðaþjónustufyrirtækjum verður meinaður aðgangur að fyrirhuguðum hálendisþjóðgarði, nema sérstakir samningar verði gerðir við þjóðgarðinn. Fyrirtækin hafa talsverða reynslu af þessu í Vatnajökulþjóðgarði þar sem mikil ósætti er um aðferðafræðina. Einnig má benda á að þetta verður svipað og nokkurskonar ÍSAVÍA 2 þar sem óeðlilegar upphæðir eru krafðar af farþegaflutningum. Málsóknir og alls konar illdeilur hafa sprottið af þessum stjórnunarháttum. Þá eru engar áætlanir til um hvernig eigi að tryggja, upplifun, öryggi og verndun landsins í fyrirhuguðum hálendisþjóðgarði.  
<https://www.ruv.is/frett/tvaer-stefnur-gegn-isavia-og-tvaer-adrar-til-skodunar>

### **Bændur og landeigendur.**

Hagur bænda sem nýtt hafa miðhálendið verður varpað fyrir róða. Bæði sauðfjár- og garðyrkjubændur munu þurfa á landi þessu halda með hlýnandi loftslagi hér á jörðinni. Það mun verða mikill vatnsskortur við miðbaug í framtíðinni. Það verður því meiri matvælaframleiðsla á norðurhveli jarðar. Við erum í millibilsástandi núna en matvælaframleiðsla á eftir að stór aukast. Þá verður mikilvægt að eiga greiðan aðgang að beitilandi og landi sem er hægt að yrkja.

<https://www.bbl.is/media/1/bbl.-7.tbl.2019webnyii.pdf>

### **Raforka og orkuskipti.**

Raforkumálin spila stórt hlutverk í þessu. Þrátt fyrir að það sé lítil þörf fyrir aukinni rafmagnsframleiðslu augnablikinu. Þá kemur fram í erlendum fréttum að Airbus séu þegar farnir að þróa þotuhreyfla sem ganga fyrir vetni. Ef þetta verður að veruleika þá munu millilendingar aukast til mikilla muna í Keflavíkurflugvelli. Við höfum alla burði til að framleiða vetni hér á landi. Almenn orkuskipti munu krefjast aukins framboðs af endurnýjanlegri raforku. <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/airbus-aaetlar-ad-vetnisknunar-flugvelar-geti-verdi-komnar-i-loftid-arid-2035>

### **Rammaáætlun.**

Hálendisþjóðgarður stangast á við Rammaáætlun. Með hálendisþjóðgarði er verið að taka framtíðarákvvarðanir um orku kosti fram hjá rammaáætlun. Rammaáætlun er ætlað að vera það verkfæri sem á að ákvarða hvaða kostir koma til friðunar og hverjir fari í nýtingu. <https://www.ramma.is/rammaaaetlun/>

### **Þjóðgarðar og friðlýst svæði.**

Rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs er búinn að vera til vandræða frá upphafi. Farið hefur verið hvað eftir annað fram úr fjárhheimildum og Ríkisendurskoðun hefur þurft að framkvæma úttekt á rekstrinum. Segja má að þjóðgarðurinn á Þingvöllum sé í raun tæknilega gjaldþrota. Erfitt er að finna heimildir fyrir fjárveitingum yfir friðlýst svæði. Umhverfisráðuneytið ætti að sinna hlutverki sínu og beita sér fyrir aðhlynningu svæða sem þegar hafa verið friðlýst.

[https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/10/12/mjog\\_efrid\\_og\\_sar\\_adgerd/](https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/10/12/mjog_efrid_og_sar_adgerd/)

### **Raunhæfar efnahags- og rekstraráætlanir.**

Engar áætlanir eða greiningar, varðandi tekjur og gjöld hafa verið upplýstar. Hvergi hefur verið minnst á sjóðsteymi og kostnað. Það er lámark þegar að í svona stóru verkefni sem stendur til að hleypa af stokkunum að til séu einhverjar rekstraráætlanir. Það vantar alveg **SVÓT** greiningu. (**S**tyrkur. **V**eikleikar. **Ó**gnanir og **T**ækifær). Einnig vantar inn í gögnin að greina hagfræðileg markmið. Óljóst er hvernig á að fjármagna þjóðgarðinn og hvaða upphæðir er um að ræða.

### **Skipulagsmál.**

Skilin á milli skipulagsvalds sveitarfélaganna, stjórnsýsluvalds og stefnumörkunar þjóðgarðsins eru óskýr. Skipulagsvald sveitarfélaganna verður fyrir verulegum skerðingum þar sem vald kjörinna fulltrúa þynnist út í stjórn fyrirhugaðs hálendisþjóðgarðs.

### Hvað ber að gera.

Það eru engar forsendur til þess að stofna hálendisþjóðgarð. Það er ekki tímabært vegna ráðandi óvissupáttar. Það hafa engin haldbær rök verið færð fyrir því að gera 40% af landinu að þjóðgarði. Það er óeðlilegt að svona stórt svæði lendi á fárra manna höndum. Það er ekkert í gögnum málsins sem segir að nauðsynlegt sé að keyra málið í gegnum þingið núna í miðum Covid19 faraldri. Það er ljóst að málið er ekki unnið í sátt við fólkioð sem býr á landsbyggðinni. Málið er vanreifað og ætti að vísa frá. Það vantar þörfina, tilganginn, áætlanir, rannsóknir og málsgögn. Megnið af fyrirhuguðu landsvæði er nú þegar þjóðlendur undir stjórn forsætisráðuneytisins og sveitastjórna sem hafa stjórnað þessum svæðum í sátt við náttúrna og þá sem um landið fara.  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/eignir-rikisins/thjodlendur/>

### Áskorun.

Skora hér með á sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að gæta hagsmuna íbúanna í sveitarféluginu og mótmæla fyrirhuguðum hálendisþjóðgarði með bókun. Styðja þannig við íbúa hreppsins. Það eru verðmæti sem felast í landi þessu, fyrir fólkioð sem býr á svæðinu. Hingað til hafa ekki verið gerðar athugasemdir varðandi notkun á þjóðlendunni. Mótmælið málínvið alþingismenn suðurkjördæmis. Öflug viðspyrna og mótmæli verða koma frá sveitarféluginu, annars er hætt við að aðgangur að landinu tapist sem yrði ömurleg niðurstaða. <https://www.ry.is/is/mannlif/menning-og-listir/samtok-sunnlenskra-sveitarfelaga>

Virðingarfyllst.



Herbert Hauksson  
Unnarholtskoti 2  
846 Flúðir.